

Ísafirði, 10. mars 2014

Umhverfisstofnun,
Bt. Sigrúnar Ágústsdóttir, sviðstjóri samþættingar
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík.

Efni: Umsókn um starfsleyfi fyrir 1200 tonna árlegt sjókvíaeldi á þorski og regnbogasilungi í Önundarfirði

Fiskeldisstarfsemi ÍS 47 ehf. hófst árið 2010. Eigandi fyrirtækisins er Gísli Jón Kristjánsson skipstjóri á Ísafirði, en Gísli hefur gert út fiskiskipið Ölduna ÍS-47 um áratugaskeið og stundað veiðar í áframeldi á þorski frá árinu 2001.

Í byrjun var eldisstöðin staðsett við Skutulsfjörð, en frá árinu 2011 í núverandi staðsetningu við Önundarfjörð.

Á síðustu árum hefur ÍS 47 verið að slátra á milli 10-60 tonnum árlega af áframeldisþorski. Síðustu tvö árin hefur hefur gengið óvenju illa að fanga þorsk til áframeldis á grunnslóð, einnig hefur verið á þorskafurðum farið lakkandi.

Í ljósi þessara aðstæðna var brugðið á það ráð að hefja tilraun með nýja tegund í eldi. Árið 2013 fékk fyrirtækið loks leyfi til að ala regnbogasilung í Önundarfirði. Fyrstu regnbogasilungarnir voru fluttir á Önundarfjörð sumarið 2013.

Ljóst er að núverandi starfs- og rekstarleyfi uppá 200 tonn setur fyrirtækinu verulegar skorður varðandi framtíðaráform í fiskeldi á firðinum. Ráðgert er að fara hægt í sakirnar meðan verið er að öðlast reynslu með nýja eldistegund. Núverandi rekstarleyfi frá Fiskistofu heimilar einungis starfssvæði á 200m radíus út frá einum GPS hniti. Til að hægt sé að stunda eðlilega eldisstarfsemi er nauðsynlegt að hafa rýmra eldissvæði fyrir framtíðina.

Sótt er um hóflegt starfsleyfi eða alls 1200 tonna framleiðslu vegna fyrirhugaðar fiskeldisframkvæmda.

Meðfylgjandi er tilkynning sem send var til Skipulagsstofnunar í október 2013 ásamt tveim skýrslum frá Náttúrufræðistofnun Vestfjarða (NAVE) um botndýraathuganir og straummælingar í Önundarfirði.

Hér á næstu síðum verður gerð grein fyrir væntanlegri starfsemi skv. 10.gr. reglugerð nr. 785/1999 varðandi umsókn um starfsleyfi.

Virðingarfyllst

f.h. Gísla Jóns Kristjánsson og ÍS 47 ehf.



Þórarinn Ólafsson
Sjávarútvegsfræðingur
GSM: 853-8576
toti@skotvis.is

a) Lýsing á umfangi og staðsetning eldissvæða

Í tilkynningu til Skipulagsstofnunar var gert ráð fyrir að stunda eldi á þremur staðsetningum í sunnanverðum Önundarfirði. Fiskistofa kom með athugasemdir varðandi fjarlægðarmörk, en fjarlægð milli eldistöðva var að lágmarki 2 km.

Í samráði við Fiskistofu var ákveðið að færa eitt eldissvæðið að norðanverðu í Önundarfjörð. Sjá meðf. breytingu sem send var Skipulagsstofnun eftir samræður við Fiskistofu.

b) Afrit af deiliskipulagi (á ekki við)

Fiskeldisframkvæmdirnar fara fram í sveitarfélaginu Ísafjarðarbær. Staðsetning eldisbúnaðar eru allur utan netalaga og fellur ekki undir deiliskipulag sveitarfélaga.

c) Lýsing á staðháttum á vinnslustað

Sjá tilkynningu til Skipulagsstofnunar.

Sjá kafla 5. í tilkynningu. Bls. 11-20

d) Upptalning á hráefnum og hjálparefnum

Ráðgert er að fódra áframeldisþorsk á heilum fiski, aðallega loðnu og síld sem gefið er frosið í sérstaka fódurpoka í sjókvíar. Hámarksfóðrun er metin á 420 tonn árlega. Sjá nánar töflu 6. bls. 9. í tilkynningu til Skipulagsstofnunar.

Regnbogasilungur verður alin á hefðbundnu þurrfóðri sennilega frá birgjum hérlendis. Hámarksfóðrun er metin á 900 tonn árlega. Sjá nánar töflu 7. bls. 11. í tilkynningu til Skipulagsstofnunar.

Hingað til hefur yfirdýralæknir fisksjúkdóma ekki talið nauðsynlegt að bólusetja regnbogasilung. Ekki verður notast við lyf í framleiðslunni nema í samráði við yfirdýralækni fisksjúkdóma.

Til að minnka líkur á slysasleppingum þá eru allar nætur baðaðar með löglegum ásætuvernum (innihalda koparoxíð). Engar nætur verða baðaðar á staðnum heldur hjá viðurkenndum netaverkstæðum.

Önnur hjálparefni eru hefðbundin smurefni og eldsneyti á skip og önnur farartæki.

e) Lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í umhverfið

Sjá tilkynningu til Skipulagsstofnunar.

Sjá kafla 6. í tilkynningu. Bls. 20-23

Sjá einnig kafla 4.4. um úrgang á bls. 11.

f) Lýsing á mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra losun út í umhverfið

Sjá tilkynningu til Skipulagsstofnunar.

Með að rótera sjókvíum reglulega innan eldissvæðis má koma í veg fyrir neikvæða uppsöfunun. Sjá í tilkynningu. Bls. 22-23

Sjá einnig kafla 6.2. um aðgerðir til að takmarka áhrif á bls. 23-24.

g) Lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun út í umhverfið

Í samráði við Náttúrustofu Vestfjarða verður unnin vöktunaráætlun fyrir sjókvíaeldið.

h) Lýsing á tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

ÍS 47 mun að sjálfsögðu skrá skipulega alla hráefnisnotun og úrgangsefni í samræmi við grænt bókhald skv. reglugerð nr. 851/2002

i) Lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs og lýsing á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs

Sjá svar við lið f) hér að framan. Einnig mun ÍS 47 koma öllum plastumbúðum sem fellur til vegna fódurs til endurvinnslu.

j) Lýsing á tegund og magni úrgangs

Úrgangur er aðallega frá fiski og fódri. Gera má ráð fyrir að frá 1200 tonna fiskeldi komi 1,6 g/s af köfnunarefni, 0,3 g/s af fosfór og 0,5 g/s af svifögnum.

Sjá nánar í svar við liðum e) og f) hér að framan.

Miðað við 900 tonna þurrfóðurgjöf má búast við í kringum 1500 plastsekkjum utan af fódri.

k) Lýsing á öðrum ráðstöfunum í samræmi við 14. grein í reglugerð um starfsleyfi

ÍS 47 hefur starfað skv. starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða frá árinu 2011. Skv. 14. gr. í reglugerð 785/1999 er átt við almenn skilyrði ef um nýja atvinnurekstur sé að ræða. Þrátt fyrir að verið sé að sækja um stærra starfsleyfi er ekki hér um að ræða nýjan atvinnurekstur.

Í svörum hér að ofan hefur verið gerð grein fyrir væntanlegri mengun og farið yfir mengunarvarnir.

Viðhengi:

1. Tilkynning um framkvæmdir til Skipulagsstofnunar.
2. Skýrslur frá Náttúrufræðistofnun Vestfjarða (NAVE) um botndýraathuganir og straummælingar í Önundarfirði.
3. Tilkynning til Skipulagsstofnunar um nýtt eldissvæði eftir ábendingar Fiskistofu varðandi fjarlægðamörk.